

Afgreiðsla erindis um endurgreiðslu aksturskostnaðar

Fyrir liggur niðurstaða forsætisnefndar Alþingis um erindi Björns Leví Gunnarssonar varðandi endurgreiðslu á aksturskostnaði til alþingismanna. Í niðurstöðu sinni segir nefndin að ekki standi skilyrði til þess að verða við beiðni um almenna rannsókn á endurgreiddum aksturskostnaði til allra þingmanna. **Þá sé það niðurstaða nefndarinnar að rannsókn á aksturskostnaði ásamt skýringum Ásmundar Friðrikssonar leiði í ljós að hann hafi ekki brotið gegn siðareglum alþingismanna.**

Þingflokkur Pírata bendir á að gögn málsins og vitnisburður Ásmundar sjálfs í Kastljósviðtali 14. febrúar 2018 sanni að hann hafi brotið reglur um þingfararkostnað og siðareglur alþingismanna, hvort sem honum var það ljóst eða ekki.

Það er staðreynd að samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn eru þingmenn sjálfir ábyrgir fyrir því að sjá til þess að endurgreiðsla fyrir útgjöld þeirra sé í fullkomnu samræmi við reglur sem eru settar um slík mál. Þá sögðu reglur um þingfararkostnað á þessum tíma að þegar alþingismaður þyrfti að aka meira en 15.000 km á ári í starfi sínu skyldi hann fá til afnota bílaleigubifreið sem skrifstofa Alþingis legði til. Viðmiðun um akstur gæti verið breytileg og miðaðist við að hagkvæmara væri að nota bílaleigubifreið en eigin bifreið. Ásmundur Friðriksson viðurkenndi í Kastljósviðtali að þegar honum var sagt af skrifstofu Alþingis að fara á bílaleigubíl eins og reglurnar segðu til um hafi hann lagt til að hann myndi leigja Alþingi eigin bíl, en í kjölfar neitunar skrifstofunnar hafi hann áfram keyrt á sínum bíl og óskað eftir endurgreiðslum frá Alþingi. Ásmundi mátti því vera ljóst að honum bæri að taka bílaleigubíl samkvæmt gildandi reglum en kaus að fylgja þeim ekki.

Við afgreiðslu málsins á fundi forsætisnefndar í dag lagði Jón Þór Ólafsson, fulltrúi Pírata í nefndinni, til að vísa málinu til siðanefndar Alþingis, eins og reglur um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum Alþingis heimila. Þeirri tillögu var hafnað. Þá lagði þingmaður Pírata til að í það minnsta skyldi forsætisnefnd leita ráðgjafar siðanefndar um óhlutdræga málsmeðferð. Þeirri tillögu var einnig hafnað og ályktaði forsætisnefnd sjálf um málið.

Ekki er síður alvarlegt að nefndarmenn forsætisnefndar hafi rætt það á fundi sínum að Björn Leví yrði mögulega látinn sæta ábyrgð sjálfur samkvæmt siðareglum fyrir að hafa sent erindið til forsætisnefndar til að byrja með. Slíkt er óheimilt samkvæmt siðareglunum, en í þeim segir að rökstutt erindi um brot á reglunum megi aldrei bitna á sendanda þess. Þessi hótun getur haft alvarleg fælingaráhrif og takmarkað verulega áhrifamátt siðareglanna.

Með niðurstöðu sinni setur forsætisnefnd hættulegt fordæmi. Þegar uppi eru vel rökstuddar kröfur um rannsókn á hendur þingmanni er það skylda forsætisnefndar að málið sé rannsakað á óhlutdrægan hátt eins og segir í siðareglum fyrir alþingismenn. Neitun meirihluta nefndarinnar á að senda málið til óhlutdrægrar siðanefndar eða að fá ráðgjöf hennar um óhlutdræga rannsókn brota á siðareglum gefur það í skyn að þingmenn meirihluta geti notað forsætisnefnd til að hvítþvo þingmenn úr eigin flokkum, en að sama skapi geti hún notað þær sem agavald gegn minnihlutapingmönnum.